

stofnunar, og að annaðhvort yrði engin prestsþjónusta við hælið, eða þá að hún yrði af hendi leyst jafnt af ölluinn kyrkjudeildunum.

Síðastliðið sumar að loknu Dingi Íslenzka Lúthorska kyrkjufélagsins er svo sent eftirfylgjandi bréf, frá skrifara þess, til forseta vors, sem svar upprá samvinnu frambóð vort úrinu áður.

The Icelandic Ev. Lutheran Synod of North America

The Rev. B. B. Jonsson, President

The Rev. F. Hallgrímsson, Secretary

John J. Vopni, Treasurer

Office of the Secretary

Bahler, Man., 28. Júní 1912.

Hr. SKAPTI B. BRYNJÓLFSSON,

forseti kyrkjufélags Útálara,

Winnipeg.

Háttvirti herra!

A síðasta ársþingi hins Ev. Lúth. kyrkjufélags Íslendinga í Västurheimi, tilkynnti nefnd sú, sem kosin var á kyrkjupjungi í fyrra til þess að eiga samtal um stofnun íslenzks gamalmennnahelis við nefnd frá kirkjutíngi yðar, að á sameiginlegum fundi þeirra nefnda hefði ekki getað orðið samkomulag um það mál.

Enn fremur bárust þinginu skilabóð frá kvenfélagi Fyrsta Lúth. safnadar í Winnipeg, þess efnis, að kvenfélagið hefði þegar gert ráðstafanir til þess að setja á stofn íslenzkt gamalmenna hæli á komaudi hausti.

Með því áleit þingið gamalmenna hælis málid vera komið i viðunarslegt horf að því er oss snertir, að svo stöddu, og leyfi ég mér, samkvæmt því seta mér var á hendur falið, að tilkynna yður þetta fyrir hönd kyrkjufélags vors.

Með virðingu

yðar

F. HALLGRÍMSSON,

skrifari.

Við bréf þetta er ekkert annað að athuga en það, að með því er samvinnu tilbodi voru neitað af hálfu Ísl. Lúth. kyrkjufélagsins. Skóðaði nefnd vor þá að málunu væri þar með lokið.

En svo nú á síðast liðnu hausti er aftur vakið mál að leita samvinnu um þetta mál. Eru það nú nokkrir menn úr hópi þeirra er kvenfélag Fyrsta Lúth. safnadar valdi með sér í nefndina, og gekkst hr. Árni Eggertsson adallega fyrir því. Var hann óánagður með það horf er málid hafði tekið, og óskadí eftir að allir Íslendingar helzt gæti sameinað sig um það,

Eftir nokkurt lauslegt samtal við ýmsa nefndarmenn voru um þetta, kaus nú þessi nýja 15 manna kvenfélags nefnd 2 menn úr sinum hópi, til þess að tala við aðra 2 menn frá vorri nefnd, um þetta. Nefndarmenn vorir voru þeir hr. S. B. Brynjólfsson og J. B. Skaptason, en málrekar kvenfélagsnefndarinnar voru þeir hr. Guðm. Thordarson og hr. Árni Eggertsson. Komu þeir saman heima hjá S. B. Brynjólfsson, Létu erindsrekar kvenfélagsnefndarinnar það í ljós, að þeir ósknudó eftir að vér gerðum nú eitthvert tilboð er leitt gæti til samkomulags. Þó létu þeir þess jafnframt getið að ervitt myndi